

mánuði, lagt það til, að af þeim hluta af nefndu fje, sem ber suðurumdöminu fyrir árið **26** 1878 megi þegar nú samkvæmt beiðni búnaðarfjelagsins verða veitt því 900 kr. upphæð **15. febr.** til fyrirtækja þeirra, sem tiltekin eru í bónarbrjefinu.

Út af þessu vil jeg hjer með tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar það, er nú segir:

Fjárlögin gjöra, að minni hyggju, ráð fyrir, að af fje því, er veitt er með 10. gr. C. 5. til jarðræktar og til eflingar sjáfarútvegi, verði um hvert fjárhagsár ákveðnum styrk varið til eflingar hinum nefndu atvinnuvegum í hverju einstöku amti samkvæmt uppástungum amtsvalda þeirra, er getur um í dómsmálastjórnarbrjefi **26. febr.** 1870, og með samþykki landshöfðingja, og það atriði, að búnaðarfjélag suðuramtsins hefir vanrækt að koma í tæka tíð með tillögur um, hvernig verja ætti öllum hluta þeim, er bar suðurumdöminu af hinni veittu upphæð, getur varla svipt amtið styrk þeim, sem fjárlögin hafa ákveðið fyrir viðkomandi ár til eflingar áminnztum atvinnuvegum í amtinu. Jeg hefi því samkvæmt orðum og tilgangi hinnar nefndu sjárveitingar álitíð, að mjer bæri að ávísa amtsráði suðuramtsins úr jarðabókarsjóði — en úr honum er hinum fjárlagalegu útborgunum fyrir árið 1878 enn ekki lokið — því fje af 10. gr. C. 5 fjárlaganna, er enn þá ekki hefir verið greitt úr landssjóði, að upphæð alls 966 kr. 66 a., og að fela hinu heiðraða amtsráði að ráðstafa fje þessu samkvæmt veitingunni til jarðræktar, og til eflingar sjáfarútvegi.

Ávísun þessi fylgir, og býst jeg við, að mjer verði send á sínum tíma þóknanleg skýrsla um, hvernig fjenu hafi verið varið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu um styrk til þess að læra vegagjörðir erlendis.* — Samkvæmt til- **27** **15. febr.** lögum yðar, herra amtmaður, í brjefi frá 11. p. m. hefi jeg af fje því, sem ætlað er til verklegra fyrirtækja á þessu ári veitt Birni trjesmið Þorlákssyni í Stafholti 200 kr. styrk til þess að ferðast til Noregs, og kynna sjer aðferð þá, sem þar tíðkast við vegagjörðir til sveita, brúagjörðir yfir minni ár, o. fl.

Af hinum veitta styrk munu 100 kr. verða útborgaðar honum, þegar hann í vor leggur af stað hjeðan. Hinar 100 kr. mun hann fá greiddar, þegar hann kemur heim aptur að hausti, og sannar, að hann hafi varið dvöl sinni í Noregi á áminnztan hátt.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um atkvæðisrjett hans í bæjarstjórninni.* — Í þóknanlegu brjefi frá 10. p. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti skýrt mjer frá, að hin hjerverandi bæjarstjórn hafi á fundi 6. p. m. samþykkt með **28** **15. febr.** 6 atkvæðum gegn 3 eptirfylgjandi ályktun:

«Bæjarstjórnin lýsir yfir því, að hún eigi viðurkennir, að formanni hennar beri annar atkvæðisrjettur á fundum bæjarstjórnarinnar, en heimilaður er í 12. gr. tilsk. 20. apríl 1872, þegar svo stendur á, sem þar er ráð fyrir gjört»,

og að þjer, þar sem þjer ætlið, að bæjarstjórnin með þessari ákvörðun hafi gengið út fyrir vald það, er hún hefir eptir lögnum, hafið samkvæmt tilsk. um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík frá 20. apríl 1872, 12. gr. með því að rita atkvæði yðar í gjörðabókina felt þessa ályktun úr gildi að sinni og skotið til úrlausnar landshöfðingjans þeirri spurningu, hvort bæjarfógetanum beri atkvæðisrjettur á fundum bæjarstjórnarinnar eptir tilsk. 20. apríl 1872.